



Fundargerð - stjórnarfundur nr. 341

341. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 16. febrúar 2023 í fundarsal Samtaka verzlunar og þjónustu **Borgartúni 35, 2. hæð**

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Endurgjald
3. Skilmálar
4. Kynningar
5. Sérstök söfnun
6. Sjónvörpsáttur, styrkbeiðni
7. Starfshópur um sérstaka söfnun
8. Önnur mál

Fundinn sátu:

Stjórn:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Líf Magneudóttir (LM),

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK)
Gunnlaug Einarsdóttir (GE)
Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Fundargerð 340 stjórnarfundar frá 2. febrúar 2023 var samþykkt.
- Endurgjald fyrir gler verði ISK 40 kr./kg
- Endurgjald fyrir málm verði ISK 10 kr./kg
- Endurgjald fyrir við verði ISK 20 kr./kg
- Flutningsjöfnun fyrir gler og viðarumbúðir var samþykkt
- Gjaldskrá fyrir sérstaka söfnun viðar á söfnunarstöðvum var samþykkt
- Áfram verði unnið að skilmálum sem lagðir verði fyrir næsta fund - EM og BSB ásamt starfsmönnum skrifstofu Úrvinnslusjóðs vinni að skilmáladrögum
- Gjaldskrá fyrir sérstaka söfnun var samþykkt

- Starfshópur um sérstaka söfnun verði skipaður Baldvin Valgarðssyni (fulltrúi atvinnulífsins), Valgeiri Páli Björnssyni (fulltrúi samtaka sveitarfélaga), Daníel Gunnarssyni (fulltrúi Úrvinnslusjóðs). Gunnar Bragason veitir hópi ráðgjöf eftir þörfum.
- Endurgjald fyrir drifrafhlöður verði ISK 650 kr./kg.

Dagskrárliðir og umræður

1. Fundargerð

Fundargerð 340 stjórnarfundar frá 2. febrúar 2023 var lögð fram til samþykktar. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð eins og hún var lögð fram.

Fundargerð samþykkt.

2. Endurgjald, flutningsjöfnunargjald og gjald fyrir sérstaka söfnun

Ákvörðun um tillögur um endurgjald fyrir gler-, málm- og viðarumbúðir til endurvinnslu, um gjald fyrir flutningsjöfnun fyrir gler- og málmumbúðir og greiðslur fyrir sérstaka söfnun viðarumbúða á söfnunarstöðvum var frestað á síðasta fundi. Tillögur sem byggja á greiningum Gunnars Bragasonar, sérfræðings voru lagðar aftur fyrir stjórn.

Endurgjald til endurvinnslu

Gerð er tillaga um að nýtt endurgjald fyrir umbúðir úr gleri sem sendar eru til endurvinnslu verði 40 kr./kg, nýtt endurgjald fyrir umbúðir úr málmum sem sendar eru til endurvinnslu verði 10 kr./kg og að nýtt endurgjald fyrir umbúðir úr viði sem sendar eru til endurvinnslu og endurnýtingar verði 20 kr./kg, sbr.

Tillögur vegna nýrra gjalda fyrir endurgjald vegna umbúða úr gleri, málmum og viði eru samþykktar.

Flutningsjöfnun

Gerð er tillaga um flutningsjöfnun fyrir gler- og málmumbúðir og fyrir greiðslur fyrir sérstaka söfnun viðarumbúða á söfnunarstöðvum.

Tillögur vegna nýrra gjalda um flutningsjöfnun fyrir gler- og málmumbúðir eru samþykktar.

Sérstök söfnun viðarumbúða á söfnunarstöðvum

Gerð er tillaga um greiðslur fyrir sérstaka söfnun viðarumbúða á söfnunarstöðvum.

Tillögur um gjald fyrir sérstaka söfnun viðarumbúða á söfnunarstöðvum eru samþykktar.

3. Skilmálar um greiðslu úrvinnslugjalds

Fyrir fundinum liggja uppfærð drög að skilmálum fyrir greiðslu úrvinnslugjalds. Lagðar eru til nokkrar breytingar þá aðallega á 1. og 2. gr. skilmála. Breytingar eru til þess fallnar að draga draga skýrar fram hlutverk Úrvinnslusjóðs, markmið laga sem eiga við um starfsemi Úrvinnslusjóðs og tilgang og markmið skilmálanna sjálfra.

Lagt er til og samþykkt að BSB og EM vinni, ásamt starfsmönnum skrifstofu Úrvinnslusjóðs að uppfærslu skilmála samkvæmt þeim athugasemdum sem komu fram á fundinum. Ný drög verði lögð fram á næsta fundi.

4. Kynningar

- a. Plastskýrsla Umhverfisstofnunar um mögulega nýja álagningu á plastvörur. Skýrslan er til umsagnar hjá Úrvinnslusjóði. Á grundvelli hennar hefur Úrvinnslusjóður greint milli tiltekinna flokka plastvara sem mögulegt væri að leggja úrvinnslugjald á. Úrvinnslusjóður kallar eftir ábendingum frá stjórnarmönnum um atriði sem mætti bæta í umsögn til Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.
- b. Fullnægjandi gögn sbr. ákvæði 15. gr. l. nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Úrvinnslusjóður lét vinna fyrir sig lögfræðialit auk þess sem hann átti í viðræðum við Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið varðandi málið. Niðurstaða lögfræðialits og viðræðna var að það væri hlutverk stjórnar að ákveða hvaða gögn teldust fullnægjandi.
- c. Erindi Landverndar um skilagjald á rafhlöður til að auka skil. Landvernd beinir því til Úrvinnslusjóðs hvort rétt sé að taka upp skilagjald á rafhlöðum til að tryggja betri skil þeirra. Kynntar upplýsingar um rafhlöður í sorpi frá Sorpu. BSB spyr um hvort það sé mat Sorpu að rétt sé að taka upp skilagjald? Eru einhver önnur vandamál í tengslum við skil á rafhlöðum?

5. Sérstök söfnun

Lögð voru fyrir fundinn uppfærð drög að gjaldskrá fyrir sérstaka söfnun. ÓK staðfesti að tekið hefði verið tillit til athugasemda sem fram komu á síðasta fundi varðandi flutningsvegalengdir í einstaka póstnúmerum og varðandi skilgreiningu einstaka póstnúmera sem höfuðborgasvæði, annað þéttbýli eða dreifbýli.

Gjaldskrá vegna sérstakrar söfnunar var samþykkt

6. Sjónvarpsþáttur, styrkbeiðni – til ákvörðunar (10 mín)

Úrvinnslusjóði hefur boðist beiðni um styrk að fjárhæð ISK 4 milljónir vegna gerðar sjónvarpsþáttar um hringrásarhagkerfið. Skrifstofu Úrvinnslusjóðs er falið að fá frekari upplýsingar og leggja drög að verklagsreglum um meðferð sambærilegra styrktarbeiðna. Ákvörðun um styrkveitingu er frestað til næsta fundar.

7. Starfshópur um sérstaka söfnun

Á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að fulltrúar atvinnulífssins og fulltrúar sveitarfélaga myndu tilnefna hvor sinn fulltrúa í starfshóp um sérstaka söfnun.

Tilnefndir eru Baldvin Valgarðsson (fulltrúi framleiðanda) og Valgeir Páll Björnsson (fulltrúi sveitarfélaga). Áður hafði Úrvinnslusjóður tilnefnt Daníel Gunnarsson. Einnig mun Gunnar Bragason ráðgjafi verða hópnun innan handar. MJ og ÓK munu ganga frá skipunarbréfi.

8. Önnur mál

- a) Undir liðnum önnur mál er lögð fram tillaga um að endurgjald fyrir drifraðhlöður verði ISK 650 kr./kg. Tillagan byggir á útreikningum verkfræðistofunnar Mannvits.

Tillagan er samþykkt

- b) Samkvæmt dagskrá yrði næsti fundur haldinn fimmtudaginn 2. mars nk. kl. 13.00. Mögulega gæti þurft að fresta fundi um sólarhring eða til föstudagsins 3. mars og eru stjórnarmenn því beðnir um að halda þeim tíma lausum komi til þess að fresta þurfi fundi.

Fundi slitið 14.58